

Fundargerð

Árið 2026, þriðjudaginn 20. janúar kl. 09:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. 5. áætlun framlaga vegna málaflokks fatlaðs fólks fyrir árið 2025

Lögð var fram 5. áætlun almennra framlaga vegna málaflokks fatlaðs fólks fyrir árið 2025. Fjárhæð áætlunarinnar nemur 40,22 ma.kr. og að baki henni standa 1.773 þjónustunotendur. Minni háttar uppfærslur eru á notendagrunni áætlunarinnar frá 4. áætlun framlaganna sem lögð var fram á fundi nefndarinnar 12. desember sl. Þá liggja til grundvallar nýjar upplýsingar frá þjóðskrá um þá notendur sem látist hafa á síðari hluta ársins. Stærstu breytingarnar varða hins vegar leiðréttingar vegna framlaga mennta- og barnamálaráðuneytisins (MRN) til sveitarfélaga vegna þjónustu þeirra við börn með fjölþættan vanda. Rúmlega helmingur þeirra barna sem njóta framlaga MRN á árinu 2025 nutu jafnframt almennra framlaga á árinu, en bæði framlög MRN og Jöfnunarsjóðs eru á grunni kostnaðar sveitarfélaganna við þjónustuna. Til að gæta þess að ekki sé tvígreitt með þeim notendum sem um ræðir voru framlög MRN, vegna notenda sem njóta beggja framlaga, dregin frá við útreikning framlaga sjóðsins. Sá frádráttur sem af þessu hlýst endurúthlutast á alla notendur á framlögunum með hefðbundnum hætti.

Að lokinni umræðu samþykkti nefndin fyrir sitt leyti 5. áætlun almennra framlaga til málaflokks fatlaðs fólks sem úthlutun ársins 2025.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 09:24.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir